



Gramsverslun Þingeyri

Fasteignafélag Þingeyrar hefur verið í viðræðum við bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar um Vallargötu 1 á Þingeyri, Gramsverslun, um endurbyggja húsnæðið til fyrra horfs og koma inn starfsemi í húsið. Málið var til umræðu í bæjarráði þann 8. nóvember 2021, þar hugmyndunum var fagnað og samþykkt að fasteignin verði seld eða afhent áhugasömum aðilum.

Nú er málið tekið fyrir að í nýju bæjarráði.

Bæjarstjóri óskar eftir heimild bæjarráðs til að auglýsa eftir áhugasömum aðilum til að taka húsnæðið að Vallargötu 1, Þingeyri eða Gramsverslun yfir og gera það upp, með þeim kvöðum að húsið verði gert upp í upprunalegri mynd.